



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2229**  
**komudagur 15.4.2008**

Dagsetning  
14.04.2008

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Hér með sendist afgreiðsla skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar á erindi, þar sem óskað var umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög mál nr. 374, lög um mannvirki mál nr. 375 og lög um brunavarnir mál nr. 376.

**0802208 - Umhverfisnefnd Alþingis, frumvörp til umsagnar**

Tekið fyrir að nýju bréf umhverfisnefndar alþingis dags. 26.02.2008 þar sem óskað er umsagnar um eftirtalin lagafrumvörp: Skipulagslög, lög um mannvirki og lög um brunavarnir. Áður lögð fram tillaga sviðsstjóra að umsögn um lögin dags. 03.03.2008. Frestað á síðasta fundi.

*Skipulags- og byggingarráð tekur undir tillögur sviðsstjóra að umsögnum of felur honum að ljúka meðferð málssins í samræmi við þær.*

Meðfylgjandi eru umsagnir sviðsstjóra sem samþykktar voru:

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga, dags. 03.03.2008.


Umsögn um frumvarp til laga um mannvirki, dags. 03.03.2008.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir, dags. 03.03.2008.

Áður sent í tölvupósti.

Virðingarfyllst,

*Dr. Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri  
skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar*



Dagsetning  
03.03.2008

## UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM UM BRUNAVARNIR

Mál nr. 376. Lagt fyrir Alþingi á 135.löggjafarþingi.

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Umsagnarfrestur er til 11. apríl n.k. Hér fara á eftir athugasemdir skipulags- og byggingarsviðs um frumvarpið, teknar saman af dr. Bjarka Jóhannessyni, sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs og skipulags- og byggingarfulltrúa. Hafnarfjarðarbær áskilur sér rétt til að koma með ábendingar/athugasemdir á seinni stigum.

### 9. grein.

Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er a-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

a. hafa í samvinnu við byggingarfulltrúa eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

a. framkvæma í samvinnu við byggingarfulltrúa öryggisúttekt og eftir atvikum lokaúttekt, sbr. lög um mannvirki, gefa umsagnir um brunavarnir við meðferð byggingarleyfisumsókna óski byggingarfulltrúi þess og hafa þannig eftirlit með því að nýbyggingar fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum um brunavarnir áður en notkun þeirra er heimiluð.

*Umsögn:*

*Þetta er til bóta og ætti að einfalda og væntanlega flýta meðferð mála. Byggingarfulltrúi óskar eftir álitum eldvarnaeftirlits í stað þess að ganga eftir að umsækjandi leiti sjálfur eftir henni.*


Í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000 er c-liður orðaður svo (12. grein):

Hlutverk eldvarnaeftirlits sveitarfélaga er að:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að leyfi sveitarfélagsins samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og VI. kafla skipulags- og byggingarlaga ef þörf krefur. Ef ljóst þykir að hætta skapist af slíkri búsetu skal enn fremur kæra málið til lögreglu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingu:

c. hafa, í samvinnu við byggingarfulltrúa, eftirlit með því hvort fólk tekur sér búsetu í atvinnuhúsnæði án þess að byggingarleyfi samkvæmt lögum um mannvirki hafi verið veitt fyrir breyttri notkun þess og grípa til viðeigandi þvingunarúrræða skv. VIII. kafla laga þessara og X. kafla laga um mannvirki ef þörf krefur.



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**Skipulags- og byggingarsvið**

---

*Umsögn:*

*Hér er breytt tilvísunum í lög, mannvirkjalög í stað skipulags- og byggingarlaga, sem væntanlega falla úr gildi verði lögin samþykkt samtímis. Einnig fellur brott kæra til lögreglu, þar sem viðurlög í brunavarnalögum og mannvirkjalögum (dagsektir m.fl.) þykja nægja.*

Skipulags- og byggingarráð gerir ekki frekari athugasemdir við lagafrumvarpið.

F.h. skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar

-----  
*Dr. Bjarki Jóhannesson*  
*Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,*  
*sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs*